


SÆRAF EHF



Tölvuverslun
Tölvuviðgerðir
Rafeindapjónusta
Siglingatækjapjónusta

Opið alla virka daga kl. 10-17

Silfurgötu 5 Ísafirði • Sími: 450 6000 - 861 7360 - 891 8260 - sraf.is



Lokkað og daðrað á vestfirsku leikári

Leiklistin er list augnabliksins, er hér og nú, svo tekur eitthvað annað listaverk við. Minningin gleymist þó ekki en stundin verður ekki endurtekin. Þannig er leikhúsið í sinni tærustu mynd hér og nú með öllum þeim kostum og kannski göllum. Elfar Logi Hannesson fer yfir leikárið.

— sjá bls. 6–8



Óháð fréttablað á Vestfjörðum

BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Fimmtudagur 19. maí 2016 · 19. tbl. · 33. árg. · Ókeypis eintak



Þúfutittlingur. Mynd: Hilmar Pálsson.



Hamraborg ehf • Hafnastræti 7
Sími 456 3166



HAMRABORG
SAMLOKA

með hangikjöti og salati



HAMRABORG
SAMLOKA

með roastbeef



HAMRABORG
SAMLOKA

með kjúklingasalati



HAMRABORG
SAMLOKA

með rækjum og eggjum

*alltaf
nýsmurt*

Hefur þú lent í slysi?

Ekki bera harm þinn í hljóði

TORT

INNHEIMTA SLYSABÖTA

Aðalstræti 6 - 101 Reykjavík - Sími 511 5008 - tort.is



Andrea Harðardóttir

— Sjónarmið —

Hvenær vorar í þjóðarsálinni?

Vorið er komið. Að vísu svo-lítið tætt og svalt en samt sem áður, það er mætt. Vorboðarnir birtast hver á fætur öðrum, eyrnaslappar í útskriftarskapi vöktu bæjarbúa eldsnemma morguns fyrir skömmu, tjaldurinn við Skutulfjarðarbrautina verður sífellt háværari og hinar árlegu loftárásir hans á vegfarendur sem leið eiga um göngustíginn, eru hafnar. Aðkomufólk er byrjað að keyra á móti einstefnunni upp Hafnarstrætið, inn í hringtorgið. Sem sagt, allt svo dásamlega kunnuglegt.

En það er fleira sem er kunnuglegt og e.t.v. ekki eins gleðilegt. Undanfarna daga hafa landsmenn verið minntir á hina leyndu og ljósu spillingu sem þrífist hefur í samfélaginu. Stjórnmalamenn og áhrifamenn í viðskiptalífínu koma fjármunum undan í skattaskjól og nýta allar þær glufur sem finnast eða finnast ekki í lögum, til að komast hjá því að greiða í sameiginlega sjóði landsmanna. Á sama tíma berast fréttir af bágu ástandi í heilbrigðiskerfinu, sífellt

hækkandi greiðsluhlut sjúklinga, einstaklingum, sem veigra sér við því að leita sér aðstoðar, þar sem þeir ráða ekki við kostnaðinn. Skólakerfið siglir í sömu átt, námi í framhaldsskólum er þjappað saman, keyrt áfram á skemmri tíma en tíðkast hefur, áherslan á að koma nemendum sem fyrst út á vinnumarkaðinn. Hugsjónin, framhaldsskóli fyrir alla, verður innantómt hjal og hjóm, því að ekki ráða allir framhaldsskólanemendur við slíka keyrslu. Skrípaleikurinn í kringum forsetaframboð liðinna daga undirstrikar á vissan hátt þá óheillavænlegu strauma sem fara um íslenskt samfélag þessi misseri.

Eins og sagnfræðingi sæmir er mér fortíðin hugleikin og stöðugt kemur upp í huga mér sú tilhugsun að íslenskt samfélag hefur í raun lítið breyst í gegnum aldirnar þegar grannt er skoðað. Umhverfið hefur jú breyst, tæknin er önnur, nýir hugmyndastraumar hafa borist hingað til lands og við höfum reynt að gera þá að okkar en samt....

Í Grágás, lögum íslenska þjóðveldisins má finna ákvæði sem

banna búðsetu/þurrabúðarvist við sjó og skylda alla til að eiga grið hjá bónda. Þessi ákvæði eru ítrekuð í Piningsdómi frá 1490. Á tímum einokunarverslunarinnar var fast verðlag á vörum, bændur fengu hátt verð fyrir kjöt og ull, en lágt verð fyrir fisk. Það þýddi því lítið að berjast gegn lögnum og hefja þurrabúðarvist við sjó.

Af þessu má sjá hvaða starfsgrein var viðurkennd hér á landi sem hin eina sanna. Lagasetningar í gegnum aldirnar snerust um stuðning við hana, bæði innlendar sem og lagaboð konungs. Gott og vel, e.t.v. hentaði hún íslensku umhverfi. En það bjó meira að baki. Um 95% íslenskra bænda voru leiguliðar, áttu ekki jarðirnar sem þeir bjuggu á. Jarðir hér á landi voru almennt í eigu fámennrar höfðingjastéttar, kirkju eða konungs. Auður var metinn í jarðeignum. Þeir sem áttu jarðir urðu að fá arð af eignum sínum. Hvernig fékkst sá arður? Jú, með því að leigja jarðirnar. Og til að tryggja að á jörðunum byggji fólk, varð að sjá til þess að það héldi sig í sveitunum. Hvernig fóru menn að því? Þeir, sem réðu ferðinni í

íslensku samfélagi, höfðu tengsl við embættismenn, voru jafnvel sjálfir embættismenn danska konungsveldisins, þeir voru í hópi þeirra sem áttu flestar jarðir á Íslandi. Því var það þeirra hagræði að viðhalda vistarbandinu og banna þurrabúðarvist. Þannig var tryggt að jarðeignir yrðu áfram uppspretta auðs þessa fámenna hóps en ekki leiguliðanna, hins almenna Íslendinga.

Í dag eru bújarðir ekki lengur helsta auðsuppspretta landsins heldur kvótaeign og fiskvinnslufyrirtæki. Fiskimiðin eru sögð sameign íslensku þjóðarinnar. En hversu hátt hlutfall af arðinum kemur í hennar hlut? Ríkisfyrirtæki í eigu þjóðarinnar skila arði. En samt á að selja þau og fylgja stefnu sem segir, „Allt í einkaeign“. Og selja til hverra? Þeirra, sem hafa nán tengsl við embættis- og stjórnkerfið? Þeirra, sem geta haft áhrif á lagasetningu og mótun stjórnsýslisins? Aðila, sem geta rekið sín fyrirtæki, á sama tíma og þeir eða þeirra fulltrúar sitja á Alþingi, jafnvel í ríkisstjórn og segja okkur plebbunum hvað sé okkur fyrir bestu!

Satt best að segja finnst mér lítið hafa breyst. Það versta er að við trúum því hins vegar sjálf að við óréttláta tilheyri fortíðinni, að allt hið vonða fyrr á tímum hafi verið Dönum að kenna. Hvernig væri að við færum að skoða fortíð okkar með hliðsjón af nútíðinni og velta fyrir okkur, hvort meinið í gegnum aldirnar, alveg fram á þennan dag, sé í raun skapað af okkur sjálfum? Enn ræður ríkjum hér á landi hópur einstaklinga sem telur sig eiga rétt á að ráðstafa verðmætum þjóðarinnar og setja reglur sem okkur hinum ber að fylgja, reglum, sem hægt er að sníða að hagsmunum fárra. Talað er til fólks með yfirlæti og hroka. Sárast er að sjá og heyra hversu margir beygja sig ennþá og kyssa vöndinn í von um að fá e.t.v. einhvern tímann notið örfárra brauðmola sem kannski hrjóta af borðum þessara „mikilmenna“. Sitjum við ennþá þrælsunduð og blind, í vistarböndunum líkt og um óumbreytanlegt lögmál sé að ræða?

Andrea Harðardóttir

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS



Euro Shopper
Hveiti, 1 kg

95
kr. 1 kg



Ostapizza
Frosin, 300 g

198
kr. stk.



Euro Shopper Kjúklingabringur
Frosnar, 900 g

1.279
kr. 900 g

EURO SHOPPER Á GÓÐU VERÐI



Hvítlaugsbrauð
2 stk. í pakka

159
kr. pk.



Sökkulaði
100 g, 5 teg.

98
kr. 100 g



Sökkulaðikex
125 g, 2 stk. í pakka

159
kr. pk.



Bakaðar baunir
420 g

79
kr. 420 g



Kjúklingabaunir
400 g

95
kr. 400 g



Tómatar
400 g, 2 tegundir

79
kr. 400 g



Orkudrykkur
250 ml, 2 teg.

59
kr. 250 ml



Salthnetur
500 g

500g

259
kr. 500 g



Euro Shopper
Haframjöl, 500 g

95
kr. 500 g



Handsápa með dælu
500 ml, 3 teg.

159
kr. 500 ml



Uppþvottalögur
500 ml

129
kr. 500 ml



Hreingerningalögur
Alhliða, 1 l

198
kr. 1 l

BONUS EKKERT BRUÐL

Fimmtudagur 19. Maí 2016

Opnunartími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

Verð gilda til og með 22. maí eða meðan birgðir endast



Útgefandi: Athafnagleði ehf., kt. 690715-0740
Afgreiðsla og ritstjórn: Mánagötu 2, Ísafirði, sími 456 4560
Ritstjóri BB og bb.is: Bryndís Sigurðardóttir, 896 9838, bb@bb.is
Ábyrgðarmaður: Bryndís Sigurðardóttir.
Blaðamaður: Smári Karlsson, 866-7604, smari@bb.is
Auglýsingar: Sími 456 4560, auglysingar@bb.is
Prentvinnsla: Litróf ehf.
Upplag: 2.200 eintök
Dreifing: Íslandspóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfjörðum
Stafræn útgáfa: www.bb.is / facebook.com/pages/bbis
Önnur útgáfa: Á ferð um Vestfirði
ISSN 1670-021X

Tekið er á móti auglýsingum á pósthöndun bb@bb.is.
Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánudögum fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.

Ritstjórnargrein

Auðugt samfélag

Í blaði vikunnar rekur Elfar Logi starfsemi vestfirsku leikhússa á liðnu starfsári og þar er af nógu að taka. Þarna leggja margir hönd á plóg en að öðrum ólöstuðum þá ber Elfar höfuð og herðar yfir aðra í þessari listgrein hér á Vestfjörðum. Það andlega fóður sem hann og hans fólk hefur fært okkur í gegnum tíðina er ómetanlegt og svo sannarlega er ástæða til að gefa honum rækilegt knús hvar sem til hans næst.

Það er mikið um að vera hér á hjara veraldar um þessar mundir og endalaust verið að auglýsa eftir starfsfólki, það vantar bæjarstjóra í Bolungarvík, viðskiptastjóra í Landsbankann, starfsmenn til að sinna farþegum sem hingað koma með farþegaskipum, starfsfólk á Fiskistofu, organista í kirkjuna og kjötafgreiðslumann í Samkaup, bara svo fátt eitt sé nefnt. Svona er staðan víða, það vantar fólk í vinnu. Suður með sjó eru erlendir starfsmenn fluttir inn í hundradavís og staflað í blokkir hins brottflutta hers en á sama tíma rekur við vegalaust fólk, fullorðna sem börn, úr landi með harðri hendi. Fullvinnandi, velmenntað fólk er sent í ótryggar og ómanneskjulegar aðstæður, af því bara! Og það er ekki eins og það sé tímabundið ástand að okkur vanti fólk í vinnu, að öllum líkindum er það viðvarandi og hörmungar flóttafólks eru heldur ekki tímabundnar. Það fólk sem við rekur af höndum okkar mun ef að líkum lætur vera á hrakningum í mörg ár. Í þessu háttalagi okkar felst lítil skynsemi og alls engin mannúð.

Nú eru línur farnar að skýrast í forsetakosningunum, í það minnsta með fjölda frambjóðenda. Hér eftir getur þeim bara fækkað, ekki fjölgað. Það er ennþá rúmur mánuður til kosninga og margt sem getur gjörbreytt þeirri mynd sem nú virðist blasa við. Samkvæmt könnun á bb.is virðast til dæmis lesendur bb.is vera almennt jákvæðari en aðrir landsmenn varðandi framboð Davíðs Oddssonar en rúm 23% ætla að kjósa Davíð og 8% til viðbótar er ánægt með framboðið þó ekki standi til að kjósa hann. Í þessari viku setjum við inn könnun með öllum frambjóðendum og svo aftur þegar nær dregur.

BS

Spurning vikunnar

Ertu ánægð/ur með að Davíð Oddsson bjóði sig fram til forseta?

Alls svöruðu 776.

Já, og ég ætla að kjósa hann, sögðu 186 eða 24%
Já, en ég ætla ekki að kjósa hann, sögðu 70 eða 9%

Nei, sögðu 374 eða 48%

Mér er slétt sama, sögðu 146 eða 19%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.



Áhuginn var augljós.

Pétur og úlfurinn á Sólborg

Foreldrafélag leikskólans Sólborgar bauð börnum skólans upp á Pétur og úlfinn í brúðuleikhússformi. Þar var á ferð brúðumeistarinn Bernd Ogródnik sem túlkaði hina fallegu tónlist Sergei

Prokofiev með handunnum trébrúðum sínum og töfra-brögðum brúðuleikhússins. Verkið Pétur og úlfurinn hefur löngum heillað unga sem aldna og var það samið með það fyrir augum að kenna börnum

að skilja og njóta tónlistar. Eins og sjá má á meðfylgjandi myndum er nokkuð ljóst að verkið heillaði bæði börn og starfsfólk skólans.

annska@bb.is



ÍSAFJARÐARBÆR

AUGLÝSING um matslýsingu vegna deiliskipulagsgerðar við munna Dýrafjarðarganga. Við munna Dýrafjarðarganga, annarsvegar við Dranga og hinsvegar við Rauðsstaði.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar auglýsir hér með matslýsingu vegna deiliskipulagsgerðar við munna Dýrafjarðarganga. Samkvæmt 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Um er að ræða tvær matslýsingar:

Dýrafjarðargöng- Rauðsstaðir: Tillagan gerir ráð fyrir nýju deiliskipulagi í landi Rauðsstaða og Borgar í Arnarfirði.

Dýrafjarðargöng- Drangar: Tillagan gerir ráð fyrir nýju deiliskipulagi í landi Dranga í Dýrafirði.

Tillögurnar verða til sýnis á bæjarskrifstofum Ísafjarðarbæjar Hafnarstræti 1 á Ísafirði, á heimasíðu Ísafjarðarbæjar www.isafjordur.is og hjá Skipulagsstofnun Laugavegi 166 í Reykjavík frá 18. maí. 2016 til og með 1. júní 2016.

Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar til 01. 06.2016.

Skila skal athugasemdum á bæjarskrifstofu Ísafjarðarbæjar, Hafnarstræti 1 400 Ísafjörður.

Ísafirði 17. maí. 2016

Axel Rodriguez Överby, skipulags- og byggingarfulltrúi

GIMSTEINAR Á ÍSAFIRÐI

ÍSAFIRÐI 21. OG 22. MAÍ



LEXUS býður gestum sínum að reynsluaka lúxussport-
jeppunum RX 450h og NX 300h um helgina:

Laugardag 21. maí. kl. 11-17 og sunnudag 22. maí. kl. 11-16,
hjá Bílatanga, Suðurgötu 9.

Lifðu þig inn í formfegurð og háþróaða tækni frá Lexus.
Komdu, sjáðu og reynsluaktu!

lexus.is

Lexus-Ísland | Kaupúni 6 | Sími: 570-5400

Nýr RX 450h og NX 300h

LEXUS
AMAZING IN MOTION

Lokkað og daðrað á vestfirsku leikári



Við lok hvernar vertíðar er vert að kíkka um öxl og skila inn aflatölum. Vissulega er leikhúsið sjóvmennska og nú í lok leikárs er komið að löndun leikhússins vestfirska. Ekki síst vegna þess að leiklistin er list augnabliksins, er hér og nú, svo tekur eitthvað annað listaverk við. Minningin gleymist þó ekki en stundin verður ekki endurtekin. Þannig er leikhúsið í sinni stærstu mynd hér og nú með öllum þeim kostum og kannski göllum. Enda ekki að ósekju sem margir segja að töfrar og galdrar gjörist í leikhúsinu í hvert sinn sem leikið er.

Leikhúsið vestfirska stendur á gömlum og traustum grunni. Um leið og þorpin byrjuðu að myndast uppgötvuðu menn skjótt að lífið væri ekki bara saltfiskur. Til að punta uppá hverdaginn var mikilvægt að hafa sér eitthvað til dundurs. Þar varð listin fljótlega fyrir valinu og áður en langt um leið voru settar á svið heilu leik-sýningarnar. Þar sem heimamenn voru í öllum hlutverkum bæði á sviðinu sem og baksviðs. Fljót-

lega spruttu upp sérstök leikfélög sem enn starfa svo gott sem í hverju þorpi Vestfjarða. Það er meira að segja rekið eitt atvinnuleikhús, þótt afar smátt sé, á hinum afskekktu kjálka landsins. Vissulega er starfsemi félaganna misjafnlega öflug. Sumir setja upp leikrit á hverju ári meðan aðrir bregða á leik annað hvert ár eða láta jafnvel fleiri ár líða á milli uppsetninga.

Vestfirski leikárið var sannarlega fjölbreytt, freistandi og frumlegt. Leikurinn hófst með því að lokka okkur og seiða með sýningunni „Eitthvað sem lokkar og seiðir“ hjá Óperu Vestfjarða. Leikárinu lauk svo með daðri Kómedíuleikhússins í „Daðrað við Sjeikspír“. Alls voru átta verk sett á svið á hinu vestfirsku leikári. Því er vert að hefjast handa og skila inn aflaleikhústölum hins vestfirska leikárs 2015–2016. Við lifum jú á þvílíkum stuð tímum að stundum man maður bara ekki hverju maður er búinn að gleyma.

Frá Ísafirði til Hólmavíkur

Fyrsta uppfærsla hinnar nýstofnuðu Óperu Vestfjarða, „Eitthvað sem lokkar og seiðir“, var frumsýnd 17. september í Hömrum á Ísafirði. Þessi lauffléttu óperetta fjallaði um fyrstu óperettudrottningu þjóðarinnar hina ísfirsku Sigrúnu Magnúsdóttur. Var það vel við hæfi að Ópera Vestfjarða hefji söng- og leik með því að minnast eins af mestu listamönnum Vestfjarða. En leikurinn var jafnframt frumflutningur sem gerir minninguna enn skærari. Aðsókn var góð og fullt á öllum þremur sýningunum. Októbermánuður var tími tveggja frumsýninga á Vestfjörðum. Leikfélag Hólmavíkur í samstarfi við Sauðfjarsetrið setti á svið Draugasögu eftir Jón Jónsson og var það einnig frumflutningur. Það er nú ekki lítið að fyrstu tveir mánuðir hins vestfirska leikárs skarti tveimur nýjum íslenskum verkum. Ætli þetta sé víðar á landinu?

Eitt duglegasta áhugaleikfélag Vestfjarða er án efa Litli



leikklúbburinn á Ísafirði sem fagnaði hálfri aldar afmæli sínu á liðnu ári. Margt var gert af því tilefni og í október bauð félagið uppá svonefnda Kvöldstund með LL. Þar var slegið á léttu strengi og flutt lög úr leikverkum er félagið hafði sett á svið í gegnum áratugina fimm.

Eftir kraftmikla byrjun á leikári tóku önnur verkefni við hjá leikhúslistamönnum Vestfjarða. Jólin. Engin fór þó í jólaköttinn því eftir áramót voru sett á svið hvorki fleiri né færri en fimm verk þar á meðal enn eitt nýtt íslenskt stykki. Þetta fer nú að verða sérstakt rannsóknarefni listarannsakara þjóðarinnar öll þessi nýsköpun í íslenskri leikritun. Mar' spyr bara einsog söngvaskáldið: Er það hafið eða fjöllin?

Framtíðin og Sjeikspír

Það var vel við hæfi að framtíðin tæki senuna á nýju ári vestursins. Eitt flottasta og án efa ferskasta leikfélag Vestfjarða er LMÍ, Leikfélag Menntaskólans

NÝTT BRAGÐ

Sá græni

Bragðgóður og ferskur skyrdrykkur án hvíts sykurs með agave og steviu.

Fylltur af grænum orkugjöfum.



KEA SKYRDYKKUR
fyrir heilbrigðan lífsstíl

 **STEVIA**
Náttúrulegur
sætugjafi

Rauðhetta

51. leikár
87. Verkefni

Laugardagur
23. apríl kl. 14 og kl. 17
Sunnudagur
24. apríl kl. 14 og kl. 17
Föstudagur
29. apríl kl. 18
Laugardagur
30. apríl kl. 14 og kl. 17

Leikstjórn:
Páll Gunnar Loftsson
Tónlistarstjórn:
Kristín Harpa Jónsdóttir
Leikgerð:
Snæbjörn Ragnarsson

Aðgangur ókeypis
Nauðsynlegt er að panta miða í síma 856-5455
Sýnt er í Edinborgarhúsinu

Kjöris

Styrkt af Uppbyggingasjóði Vestfjarða

Litli Leikklúbburinn Ísafirði

á Ísafirði. Mikið væri nú gaman ef einhver tæki að sér að gera sögu þess félags skil áður en alltof langt um líður. Ár eftir ár setur félagið upp hvert stórvirkið á fætur öðru. Verkefnavalið er ávallt sérlega metnaðarfullt og stundum óvænt. Félagið stóð undir öllum væntingum og meira til með sýningu á Litlu hryllingsbúðinni í leikstjórn Ingridar Jónsdóttur. Sýnt var fyrir smekkfyllu Edinborgarhúsi 27. febrúar og í kjölfarið fylgdu margar, margar sýningar. Leikhundurinn og ritari þessa pistils klökkar í hvert sinn sem félagið stígur á stókk. Fyllist stolti og trú á framtíðina.

Einsog var getið hér í upphafi þá frumsýndi hið duglega Leikfélag Hólmavíkur nýtt íslenskt verk í upphafi hins vestfirska leikárs. Þau létu ekki þar við sitja heldur frumsýndu hið vinsæla barnaleikrit Ballið á Bessastöðum 18. mars. Sýnt var í félagsheimili staðarins en einnig var farið í leikferð í Búðardal. Hinn vestfirski Bragi Valdimar Skúla-son samdi tónlistina í verkinu

en höfundur Bessastaðaballsins er Gerður Kristný. Leikstjórn annaðist Hrafnhildur Guðbjörnsdóttir.

Grípum nú til klisju og segjum: Falla nú öll vötn til Dýrafjarðar. Leikdeild Höfrungs á Þingeyri hefur síðustu ár vakið mikla athygli fyrir bráðfjörugar leiksýningar fyrir alla fjölskylduna. Á hverju ári er sagt, jæja þetta verður nú ekki toppað. Þó toppuðu þau sjálfa sig enn eitt árið þegar þau frumsýndu Kardimommubæinn 19. mars í félagsheimilinu. Leikurinn sló öll fyrri met leikdeildarinnar og gleðin var sannarlega við völd í þessum vinsæla bæ Thorbjörns Egner sem eldist betur en nokkur rauðleitur vökví. Mikill hugur er í leikdeildinni sem hefur þegar ákveðið næsta verkefni en ritari fékk engan veginn að fá það upplýst til að geta „skúbbað“ hér að hætti blaðamanna. Svo vér verðum bara að doka og getum bara strax farið að hlakka til næsta leikárs í miðstöð leiklistar á Vestfjörðum. Einsog gárungarnir

eru farnir að nefna þorpið.

Apríl færði okkur einnig tvær frumsýningar fyrir vestan. Ekki nóg með það heldur voru þær báðar frumsýndar sama daginn. Litli leikklúbburinn hóf hinn frábæra dag 23. apríl með því að bjóða öllum í leikhús á Rauðhettu. Já, ókeypis og það var ekki bara frítt á frumsýninguna heldur og allar 7 sýningar. Sannarlega rausnarlega boðið hjá félaginu og ástæða til að ekki bara þakka fyrir heldur og hrópa ferfalt húrri fyrir LL. Um kveldið þennan sama leikhúsdag í vestrinu, 23. apríl, frumsýndi Kómedíuleikhúsið í félagsheimilinu í Bolungarvík nýtt íslenskt leikverk, já enn eitt, þetta endar í heimsmeti ég get svarið það. Þessi nýi vestíslenski leikur heitir Daðrað við Sjeikspír. Einsog nafnið gefur til kynna er hér til umfjöllunar líklega vinsælasta leikskáld allra tíma William Shakespeare. Það var ærið tilefni



til því þennan sama daga voru fjórar aldir síðan skáldið hélt á önnur svið. Má vel nefna það hér að Kómedíuleikhúsið var eitt atvinnuleikhúsa landsins sem heiðraði skáldið mikla hér á landi þennan dag. Farið var í leikferð um Vestfirði með leikinn við hinar ágætustu viðtökur.

Ef við mætum þá verður allt ok

Ef miðað er við íbúafjölda Vestfjarða má teljast bara dúndurgott að þar hafi verið sett á svið átta verk á einu og sama leikárinu. Hið vestfirska leikhús kemur bara vel undan vetri og nú tekur við hið frábæra vestfirska sumar. Leikhúsfólk okkar safnar kröftum fyrir komandi leikár 2016–2017. Eigi er ólíklegt að margir láti hugann reika um komandi leikhúsævintýri enda fátt betra en að láta sig dreyma innan um öll þessi fjöll og hafið, maður minn sæll og kátur.

Sumarið verður þó síður en svo leikhúslaust á Vestfjörðum. Kómedíuleikhúsið tekur sér til að mynda ekkert sumarfrí enda nægur tími til þess með lakkandi sól, þó undarlega hljómi. Kómedían



ætla í sumar að bjóða uppá vikulegar sýningar á hinum kraftmikla einleik Gretti. Sýnt verður á ensku alla miðvikudaga í sumar í Edinborgarhúsinu. Í júlí mun leikhúsið síðan frumsýna nýtt íslenskt leikverk um Gísla á Uppsölum. Sýnt verður á söguslóðum í Selárdal í Arnarfirði. Eftir það verður farið í leikferð um landið. Ekki má svo gleyma hinni einstöku Act alone leiklistarhátíð sem verður haldin þrettánda árið í

röð dagana 11.–13. ágúst í sjávar- og einleikjaborpinu Suðureyri.

Vestfirski leikhúsið er í góðum málum og verður það svo lengi sem við mætum í leikhúsið. Hafið hinar bestu þakkir fyrir komuna í hið vestfirska leikhús kærar áhorfendur án ykkar myndum við ekki bara hjara heldur hverfa á einhver allt önnur svið.

Elfar Logi Hannesson,
þjónn leikhússins



Leikdeild Höfrungs á Þingeyri kynnir

KARDEMOMMUBÆRINN

Eftir Thorbjörn Egner
í leikstjórn Elfars Loga Hannessonar

2016

Frumsýnt laugardaginn 19. mars kl. 14
í Félagsheimilinu Þingeyri

2. Sýning Sun. 20. mars kl. 14 - 3. Sýning Fös. 25. mars kl. 13
4. Sýning Fös. 25. mars kl. 17 - 5. Sýning Laug. 26. mars kl. 14

Miðasölusími: 864 2974



HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

SÚPER AFMÆLISTILBOÐ



Húsasmiðjan fagnar
60 ára afmæli

Skoðaðu öll tilboðin í
Húsasmiðjublaðinu



PÚ SPARAR: 10.000 kr

49.990 kr
~~59.990 kr~~

Royal 320
3 ryðfríir brennarar,
grillflötur: 38x67 cm.
3000604

Broil King



PÚ SPARAR: 22.910 kr

76.990 kr
~~99.900 kr~~

Gasgrill
Weber Q3200, grillflötur:
63 x 45 cm.
3000380

weber

**20%
afsláttur**
ÖLL
GARÐHÚSGÖGN



SÚPER AFMÆLISTILBOÐ

9.990 kr
~~12.900 kr~~

Garðstóll Kingsbury
Með stillanlegum örnum.
3899088



Sýpris hæð ca. 100 cm.

999 kr
~~2.490~~

SÚPER AFMÆLISTILBOÐ

15.956 kr

~~20.995 kr~~ **IKRA**
mogattec

Sláttuvél ELM 1434U
1400w, 34 cm sláttubreidd,
35 ltr. safnkassi, 5 þrepa
hæðarstilling 25-65 mm,
eitt handtak.
5085137

**24%
afsláttur**

**15%
afsláttur**

SÚPER AFMÆLISTILBOÐ

38.245 kr
~~44.995 kr~~

Sláttuvél TEXAS
Razor 4610

139 cc, sláttubreidd 46 cm,
sláttukerfi 3in1, 6 hæðastillingar.
5085301



Gerðu verð-
og gæð-
samanburð!

BETRA VERÐ/ BETRA VERÐ

39.900 kr

AUTHORTROPHY 26"

19" grind úr álblöndu 6061.
Skipting 18 girar Shimano Revoshift.
Afturskipting Shimano TY21.
V bremsur, þyngd 16,3 kg með fjöðrun.
3901306



**EVROPSKT
GJEDAMERKI**



Byggjum á betra verði

www.husa.is



Sportið í beinni...

fimmtudagur 19. maí
11:30 Irish Open Golf
20:00 Golf - PGA Tour
föstudagur 20. maí
14:30 Irish Open Golf
19:05 Fram - Haukar
20:00 Golf - PGA Tour
laugardagur 21. maí
12:00 Irish Open Golf
13:30 Formúla E: Berlín
15:30 ÍA - Fylkir
16:15 Man Utd - Cr Palace
17:00 Golf - PGA Tour
sunnudagur 22. maí
12:30 Irish Open Golf
16:00 Demantamótaröðin
17:00 Golf - PGA Tour
19:30 Breiðablik - KR
mánudagur 23. maí
19:30 Stjarnan - FH
22:00 Pepsímörkin
þriðjudagur 24. maí
17:50 Breiðablik - Þór/KA

Dagar Íslands

19. maí 1875:

Fyrsta sláttuvélin kom til Íslands frá Noregi.

22. maí 1703:

Svo mjög svarf að Á Vestfjörðum, að sýslumaður lét opna kaupmannsbúðir á Eyri í Skutulsfirði til að dreifa mjöli og annarri lífsbjörg til sveltandi almúgans. Frá þessu segir í Eyrarannál.

24. maí 1839:

Þegnaskylduvinna var ákveðin í Reykjavík og skyldu bæjarbúar inna af hendi vinnu við gatnagerð. Sú ráðstöfun stóð í sex ár, en var þá felld niður og skattheimta tekin upp í staðinn.

24. maí 1941:

Breska herskipið Hood, sem var stærsta orrustuskip heims, fórst í orrustu við þýska skipið Bismarck. Einungis þrír úr áhöfn Hood komust af, en 1418 manns fórust. Orrustan var háð um 250 mílur vestur af Íslandi.

25. maí 1929:

Sjálfstæðisflokkurinn stofnaður af þingmönnum Íhaldsflokksins og Frjálslynda flokksins. Fyrsti formaður var Jón Þorláksson.

Helgarveðrið

Á föstudag og laugardag:
Norðaustlæg átt, skýjað með köflum og sums staðar skúrir, einkum síðdegis. Hiti 5 til 12 stig, hlýst SV-til.

Á sunnudag og mánudag:
Útlit fyrir norðanátt með rigningu eða slyddu fyrir norðan og austan.

Krossgátan

		GELLA	KLEFI	ÁKEFÐ		FÓSTRA	ÁLOXÍÐ	STEINN
	HÆÐAST							
	ÞUKL				PREYTA			
					SKRÖLT			
VÆTLAR								
ÁHRIFA-VALD						UTAN		
						ÓSKIPU-LAG		
	↓	FRAM-BURÐUR	ÓÐ	ÁTT		LEIKTÆKI		
				AÐ		LANGT OP		
HRÆÆTA						ÓVILD		
						TUNNA		
FUGL					FLANA			
					ARÐA			
Í RÖÐ			STÖÐVA				SÆGUR	
			AÐ-RAKSTUR				TALA	
TANGI				RIFA			ÓREIÐA	
				ROF			ÞVENGUR	
FÍFLAST						FYRIRTÆKI		
						BOLI		
		GAN				VIÐBÓT		
		NIÐUR-LÆGJA				SKÍNA		
HÓFDÝR					SJÚKDÓMUR			
					ELDHÚS-ÁHALD			
UM-HVERFIS			TULDUR				STÚLKA	
			EFNI				VEFUR	
VARKÁRNI				ERLENDIS			DRYKKUR	
				TVEIR EINS			ÁTT	
YNDIS						MEN		
BLÓMI						VIÐ-BURÐUR		

BÍLAVERIÐ ehf

Hjólbarðapjónusta
Smurpjónusta

Smáviðgerðir

Sindragötu 14 • 400 Ísafirði
Sími 456 3501 • www.bilaverid.is

H.V. UMBOÐSVERSLUN ehf
Suðurgötu 9 • 400 Ísafjörður • Sími 456 4666 • Netfang hekla.vestfj@hafsteinn.is



HEKLUSALURINN
Nýir bílar og notaðir

Þjónusta í heimabyggð frá 1983



				FERSKUR	PENINGAR	HRÓ	POT		KÆLA	SJÚKDÓM		
				ELDSNEYTI	G	A	S	O	L	Í	A	
				LAMPI	L	U	K	T	VÖRU-MERKI	S	S	
				HEIDUR	Æ	R	A	ÍLÁT	F	A	T	
				KROPPA	N	A	R	T	FYRIR-BÓDI	A	RÖMVERSK TALA	M
				TUSKA								
	↓	HASTA	SKEPNA LISTA-MAÐUR	D	Ý	R	ÆXLAST	E	Ð	L	A	
							FRAM-VINDA					
URG	Í	S	K	U	R	TALA	F	I	M	M	HUGUR	
						ELEKTRÓNA						
KÁF	Þ	U	K	L	SKÓFLA	R	E	K	A	SVÖRÐUR	Þ	
					DRYKKUR							
Í RÖÐ	R	S	ÁVÖXTUR	A	K	A	R	N	DRYKKUR	T	E	
			SKVETTA Á						ROMSA			
RJÚKA	Ó	S	A	KRAFTUR	A	F	L	ÚTHALD	Þ	O	L	
								PROT				
EFNI	T	A	U	BRAGÐ	K	E	I	M	U	R	STUNDIR	
				FEIGURÐ								
	T	FUGL	S	P	Ó	I	SVANUR	Á	L	F	T	
		ARKAR-BROT					GRIMMUR					
ÁAR	A	F	A	R	TÖNN	N	Ó	T	A	NÚMER	Í	
					BYLGJA					TÖNVERKS		
KALLORÐ	H	Ó	ROTUN	Ý	L	D	A	KK NAFN	HLJÓM	Ó	M	
			TÆRA						SPREIA			
VÍNÖRAR	Ö	L	Æ	Ð	I	FUGL	R	J	Ú	P	A	
SMÁTT	L	Í	T	I	Ð	LJUFUR	G	Ó	Ð	U	R	
KVK. NAFN	L	Ó	A	GRAN-ALDIN	A	N	A	N	A	S		

Sudoku þrautir

		9		1	5	7	2	
5				2		4		
	8				4			
		1		6			4	2
		3				8		
	7	5						
	1		3			9		
	5		7		1			
2								1

	2		6				4	
6	8	3	2	7				
		7	3		9		6	
3	6		4					
2			1		6	7	5	
	7			9	2		1	3
			9	6				8
		5		4				
		6		2		4		

Safna fyrir ferða- hjóli fyrir Eyri



Ferðahjól sömu gerðar og Hjólavinur safna fyrir.

Félagsskapurinn Hjólavinir í Ísafjarðarbæ stendur fyrir söfnun til að kaupa ferðahjól fyrir íbúa á hjúkrunarheimilinu Eyri. Söfnunin er liður í verkefninu Hjólað óháð aldri sem byggir á að rjúfa einangrun og efla lífsgleði íbúa á hjúkrunarheimilum með því að gefa þeim kost á að fara út að hjóla. Hjólarar eru skipaðir sjálfboðaliðum úr nágrenni hjúkrunarheimilanna eða aðstandendum íbúanna. Christania bikes í Kaupmannahöfn hefur sérhæft sig í gerð góðra reiðhjóla, sem taka tvo farþega framan við öikumanninn.

Markmiðið er að rjúfa einangrun og efla lífsgæði vistmanna á hjúkrunarheimilum með því að gefa þeim kost á að fara út að hjóla, fá vind í vangann og roða í kinnarnar.

Hjólíð kostar um 800 þúsund krónur og óska Hjólavinir í Ísafjarðarbæ eftir styrk við að koma verkefninu af stað. Nú þegar hefur safnast tölvert fé, en nokkuð vantar uppá til að geta lokið verkefninu.

Þeim sem hafa áhuga að styðja við þetta skemmtilega og áhuga-verða framtak er bent á að hafa samband við Hrafn Snorrason í síma 895 5326 eða Sigríði Guðjónsdóttur í síma 867 2979.



Aðalsafnaðarfundur

Aðalsafnaðarfundur Ísafjarðarsóknar verður haldinn í safnaðarheimili Ísafjarðarkirkju sunnudaginn 29 maí n.k. að lokinni guðspjónustu sem hefst kl.11:00.

Venjuleg aðalfundarstörf. Boðið verður upp á súpu. Fólk er hvatt til að mæta.

Sóknarnefnd Ísafjarðarsóknar

Þjónustuauglýsingar

PRENTUM
ALLT MILLI
HIMINS

↑
OG
↓

JARÐAR

BB

Mánagötu 2
400 Ísafirði
Sími: 456 4560
Netf.: honnun@bb.is

Fréttir og
upplýsingar um
réttindi og kjör
á vinnumarkaði
www.verkvest.is

VERK VEST

ENDURSKOÐUN Sími í Bolungarvík 450 7900
Sími á Ísafirði 450-7910
VESTFJARÐA ehf

Aðalstræti 19, 415 Bolungarvík • Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður

HG HRAÐFRYSTIHÚSIÐ-GUNNVÖR HF.
- sjálfbær nýting sjávarauðlinda

Ísafjörður



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

Fjallaperlur & gimsteinar

Stórsýning Toyota á
Ísafirði um helgina



Glæsisýning Toyota | **Bílatanga Suðurgötu 9**
Laugardag 21. maí kl. 11 – 17 | Sunnudag 22. maí kl. 11 – 16



Komdu og reynsluaktu Land Cruiser, RAV4, Auris og Yaris. Kynntu þér sértílbóð á Auris Hybrid og Yaris Hybrid sem býðst nú í takmarkaðan tíma ásamt glæsilegum Adventure pakka á Land Cruiser. Kaffi, kleinur, grill og pylsur í boði ásamt óvæntum glaðningi fyrir þá 50 fyrstu sem reynsluaka.



Toyota Kaupúni

Kaupúni 6

Garðabæ Sími: 570-5070